

Stefndur greiði stefnandanum kr. 250.00 í málskostnað fyrir þennan hluta málsins innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1938.

**Nr. 109/1937. Réttvísinn og valdstjórnin**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Ólafi Kalstað Þorvarðssyni**

(Einar B. Guðmundsson).

Refsað fyrir brot gegn ákvæðum 2. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga.

**Dómur hæstaréttar.**

Síðan mál þetta var dæmt í héraði, hefir skýrslu verið leitað um þau atriði, sem í úrskurði hæstaréttar 8. apríl þ. á. getur.

Við rannsókn máls þessa hefir ekkert það komið í ljós, er bendi til þess, að ákærði hafi gerzt valdur að misferli, er varða eigi við 262. og 263. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þess er einnig getanda, að verjandi ákærða hefir fært fram líkur fyrir því, að brúttó hagnaður af verzlun ákærða, einkum af kjötverzluninni, hafi ekki raunverulega orðið eins mikill og talið er af endurskoðanda þeim, sem yfirlór reikninga ákærða fyrir héraðsdómarann, áður dómur gengi í málinu í héraði. Með þessum athugasemdum þykir mega fallast á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, og ber því að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 120.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómarinn lét undanfallast að velja löggiltan endurskoðanda til að rannsaka reikninga ákærða, sbr. 5. gr. laga nr. 9 frá 1926.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Ákærði, Ólafur Kalstað Þorvarðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 120.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. marz 1937.

1.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kalstað Þorvarðssyni verzlunarmanni, til heimilis á Brávallagötu 26, hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga, lögum nr. 53 1911 um verzlunarbækur og lögum nr. 25 1929 um gjaldþrotaskipti.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. janúar 1911 hér í bænum. Hann hefir hinn 5. okt. 1929 verið sektaður um kr. 10.00 fyrir ljósleysi á reiðhjólí, en ekki verið refsað að öðru leyti.

2.

Hinn 1. ágúst 1932 stofnaði ákærði ásamt með föður sínum, Þorvarði Þorvarðssyni, prentsmiðjustjóra, og Ólafi Halldórssyni, verzlunarmanni, nýlenduvöruverzlun undir nafninu O. Halldórsson & Kalstað. Voru þeir allir

fullábyrgir félagar að jöfnum hluta. Stofnfé verzlunarinnar var 1500 kr. lán, sem þeir tóku, en ekkert fé lögðu þeir fram frá sjálfum sér. Þorvarður var með í fyrirtækinu mest formsins vegna með því að hann hafði verzlunaleyfi. Ólafur Halldórsson gekk úr félagsskapnum í marz 1933 og afhenti ákærða sinn hlut í verzluninni. Ákærði hafði sjálfur alla stjórn verzlunarinnar allt frá upphafi og annaðist bókhald hennar, en naut þó aðstoðar annarra við það.

Uppgjör verzlunarinnar 1. janúar 1935 sýndi, að orðið hafði tap á rekstrinum árið 1934 að upphæð kr. 1591.82, og skuldir umfram eignir voru þá taldar kr. 1870.34, eftir að kr. 1500.00 höfðu verið afskrifaðar fyrir tapi á úti-standandi skuldum.

Fyrir tapi því, er orðið var á verzluninni, gerði ákærði sér þá grein, að það stafaði af kjötdeild, er hann rak í sambandi við verzlunina og gengið hafði illa. Hann kveðst þá hafa haft fasta trú á því, að verzlunin mundi ná sér upp aftur og hélt henni því áfram. Svo varð þó ekki, og eftir að reikningar verzlunarinnar voru gerðir upp eftir áramótin 1935—36, reyndist hagur verzlunarinnar svo slæmur, að ákærði sneri sér til skuldheimtumanna sinna og lét að þeirra tilhlutun Björn E. Árnason, löggiltan endurskoðanda, gera upp hag hennar. Að fenginni skýrslu endurskoðandans baðst hann galdþrotaskipta á búi sínu, og var úrskurðaður gjaldþrota hinn 2. marz 1936.

Samkvæmt uppgjöri endurskoðanda réttarins, Helga Sívertsen, var þá orðið tap á verzluninni samtals að upphæð kr. 14799.73. Þar við er þess að gæta, að endurskoðandinn telur útistandandi skuldir á nafnverði að upphæð kr. 10849.13, og vörubirgðir eru reiknaðar á kr. 3804.56, en voru seldar fyrir aðeins kr. 2600.00. Hefir því raunverulegt tap skuldheimtumanna numið nokkru meira.

Sala verzlunarinnar á þessu tímabili verður þó að teljast góð. Árið 1934 er samkvæmt rekstrarreikningi ákærða sjálfs innkomið fyrir seldar vörur kr. 92485.02. Frá 1. jan. 1935 til 29. febrúar 1936 nemur salan samkvæmt uppgjöri endurskoðanda réttarins kr. 109532.85, og hefir þannig verið hlutfallslega svipuð bæði árin.

## 3.

Til þess að fá samanburð um rekstur verzlunarinnar við aðrar verzlunir, hefir endurskoðandi réttarins reiknað út brúttóhagnað verzlunarinnar, og hefir álagningin samkvæmt því reynt að nema 6.65% á tímabilinu 1. jan. 1935—29. febr. 1936. Árið 1934 svarar brúttóhagnaður verzlunarinnar aftur á móti til 15.94% álagningar. Samkvæmt upplýsingum Verzlunarráðs Íslands hefir álagning matvöruverzlana hér í bænum að meðaltali verið 18% árið 1934, en 16% árið 1935. Álagning kjötverzlana nam c. 13% að meðaltali bæði árin. Að áliti Skattstofunnar í Reykjavík, sem einnig hefir verið leitað, er álagningin nokkru hærri.

Þá hefir endurskoðandinn reiknað út, hver brúttóhagnaður verzlunarinnar hefði átt að verða frá 1. janúar 1935 til 29. febrúar 1936, samkvæmt meðaltali Verzlunarráðsins og með þeirri skiptingu sölunnar á nýlenduvörudeild og kjötdeild, sem ákærði hefir sjálfur gefið upp sem nær sönnu. Hefir endurskoðandanum reiknað svo til, að brúttóhagnaður verzlunarinnar sé samkvæmt þessu vantalinn um kr. 8161.68.

## 4.

Skýringar þær, er ákærði hefir gefið á hinum hrakandi hag verzlunarinnar síðasta árið, sem hún starfaði, og því, að henni vegnaði verr en öðrum hliðstæðum verzlunum, eru aðallega þessar:

I. Hann kveðst vegna samkeppni hafa neyðzt til að auka afslátt til viðskiptamanna sinna verulega. Árið 1934 kveðst hann hafa veitt föstum viðskiptamönnum 5—6% afslátt, en síðara árið komst hann upp í 6—8% og jafnvel 10%. Auk þess urðu fleiri afsláttarins aðnjótandi.

Starfsmenn verzlunarinnar hafa verið leiddir sem vitni um þetta atriði. Jón Magnússon telur álagninguna hafa verið með svipuðum hætti hjá ákærða sem í öðrum hliðstæðum verzlunum, vörur hafi aldrei verið seldar með innkaupsverði, og afsláttur eins og gengur og gerist í svipuðum verzlunum og ekki viðtækari, hafi numið 5—6%, nema síðasta árið, þá komst hann stundum upp í 8%. Þorgeir Arnórsson, sem starfaði við verzlunina þar til í ágúst 1935, telur, að afsláttur, 5%, hafi verið veittur föst-

um viðskiptamönnum, en segist aldrei hafa orðið var við, að hann væri hærri.

Þessi ástæða verður ekki talin fullnægjandi skýring á hinni löku útkomu verzlunarinnar. Ákærði hefir sjálfur haldið því fram, að álagning hjá sér hafi verið svipuð og almennt tíðkaðist í matvöruverzlunum, og svipuð bæði árin 1934 og 1935, þótt síðara árið hafi sig að visu skort nokkuð álagningarháar vörutegundir, eins og aðrar yngri matvöruverzlanir. Og í meðaltalstölu Verzlunarráðsins er einmitt tekið tillit til afsláttar, svo álagningarprósenta ákærða er sambærileg við þær, eins og hún liggur fyrir.

II. Þá hefir ákærði haldið því fram, að kjötdeild, er hann rak í sambandi við verzlun sína, hafi orðið orsök mikils taps. Hann kveðst í byrjun engin kjötvinnslutæki eða kæliáhöld hafa haft, og því hafi orðið tilfinnanleg rýrnun á kjötinu sakir skemmda. Er þetta staðfest af vitnisburðum starfsmanna hans. Þetta getur þó ekki skýrt það, að hag verzlunarinnar fór hrakandi síðasta árið. Þess skal og getið, að haustið 1934 fékk ákærði einmitt kælisráp í verzlunina, sem að visu er talinn litill, en þó hefði mátt ætla, að hefði frekar dregið úr vöruskemmdum.

III. Þá hefir ákærði haldið því fram, að hann hefði „ákveðinn grun um“, að óeðlileg vörurýrnun hafi átt sér stað í verzluninni. Þegar hann var að fást við áramótuppgjör sitt og varð þess var, að orðinn var stórfelldur halli á verzluninni, kveður hann, að sér hafi dottið í hug, að vörur hafi verið teknar úr vörugeymslu verzlunarinnar, og við athugun á dyraumbúnaði kom í ljós, að bæði dyr þær, er liggja í vörugeymsluna, sem var í kjallara hússins, og eins bakdyr búðarinnar var auðvelt að opna með því að smeygja verkfæri inn með lista, sem negldur var á dyrakarminn, og ýta smekklás opnum. Telur ákærði sig við athugun hafa komið að raun um, að smekklásinn á hurðinni inn í geymsluna hafi borið það með sér, að hurðin hafi verið stungin upp með þessum hætti. Það skal tekið fram, að báðar þessar dyr liggja úr innanhúsgangi þannig, að um hvorugar verður farið af utanaðkomandi, nema fara fyrst um útidyr hússins, sem jafnan voru lokaðar um nætur, að því er ákærði vissi bezt.

Þegar ákærði tók eftir þessu, sneri hann sér til Erlings

yfirlögregluþjóns Pálssonar og fékk hann til að líta á um-  
búnað geymsludyranna. Hefir yfirlögregluþjónninn verið  
leiddur sem vitni í málinu, og borið það, að hægt hafi  
verið, að sínu áliti, að opna dyrnar með þeim hætti, sem  
áður er lýst. Hinsvegar kveðst hann engin merki þess hafa  
séð á smekklásnum, að hann hefði verið spenntur upp.

Ákærði hefir borið það í réttinum, að hann hafi hvorki  
fyrr né síðar orðið þess var, að vörur hyrfu úr verzlun-  
inni eða geymslunni, og eins og áður er sagt, fór hann  
fyrst að athuga þetta, þegar hann sá hina slæmu útkomu  
rekstrarins. Hið sama hafa og starfsmenn hans borið.  
Með tilliti til þess og vitnisburðar yfirlögregluþjónsins  
verða ekki taldar líkur til að hinn hrakandi hagur verzlun-  
unarinnar eigi rót sína að rekja til óeðlilegrar vörurýrn-  
unar vegna þjófnaðar úr verzluninni eða vörugeymslu  
hennar.

Hvorki þessar skýringar ákærða né önnur smærri at-  
riði, er hann hefir bent á, og ekki þykir nauðsyn á að  
rekja nánar, verða taldar nægjanleg greinargerð til að  
skýra hinn hrakandi hag verzlunarinnar reikningstíma-  
bilið 1. janúar 1935 til 29. febrúar 1936, miðað við fyrra  
ár, eða hinn stóra mun, sem verður á útkomu verzlunar-  
innar og afkomu hliðstæðra meðalverzlana, eins og fyrr  
var greint frá. Hefir rannsókninni ekki tekizt að komast  
fyrir orsakir þessa.

##### 5.

Ákærði hafði sjálfur með höndum bókhald verzlunar-  
innar og naut þó til þess aðstoðar ýmissa manna. Bækur  
þær, er haldnar voru og afhentar endurskoðanda réttar-  
ins, voru þessar: Dagbók, sjóðbók yfir lítinn hluta af  
tímabilinu, viðskiptamannabók, sem hætt var að færa 1.  
júlí 1934, birgðabækur, nótabækur og 2 efnahagsskýrslur.  
Dagbókin hefir ekki verið lögð saman sum árin og höfuð-  
bók (aðalbók) ekki haldin. Hefir ákærði skýrt svo frá,  
að hann hafi talið dagbókina saman á vél og notað sam-  
lagningarlistana í stað færslu aðalbókar sem undirstöðu  
ársreikningsgerðar. Eftir að hann hætti færslu viðskipta-  
mannabókar lét hann reikningsyfirlit kreditora nægja um  
þau viðskipti. Löggilt efnahagsbók var ekki haldin.

Endurskoðandi réttarins hefir við endurskoðunina gert  
fjölda leiðréttinga vegna villna í bókhaldi verzlunarinnar.

Við þær leiðréttingar hafa kröfuhafar hækkað um kr. 1092.60, ótilfærð vöruúttekt eiganda reyndist að vera kr. 548.97 (var leiðrétt fyrst af Birni E. Árnasyni), og enn fremur reyndust útborganir úr sjóði umfram innborganir að vera kr. 980.02, og hækkaði endurskoðandi sölureikning um þá upphæð.

Þegar ákærði átti að gera grein fyrir því, hvernig á því stæði, að samkvæmt bókhaldi hans reyndist meira borgað úr sjóði en í honum átti að vera, skýrði hann svo frá, að hann hefði á stundum fengið skyndilán hjá kunningjum sínum, án þess að bókfæra þau, og þá ekki heldur endurgreiðslu þeirra. Upphæðirnar voru þó ávallt lágar, 150—200 krónur. Er þessi frásögn ákærða staðfest af vitnisburðum þeirra manna, sem hann skýrði frá, að lánað hefðu sér fé. Ákærði hefir talið, að vera mætti, að einhver ruglingur hefði komizt á sjóðsreikninginn við þessi lán, og gæti þetta af því stafað.

Hinsvegar hefir ákærði neitað að hafa sér vitanlega látið fyrirfarast að bókfæra innkomna peninga fyrir seldar vörur. Hann hefir þó sjálfur í reikningi þeim, er hann lagði fyrir skiptarétt, og Björn E. Árnason samdi, reiknað kr. 315.15 af áðurgreindri upphæð (kr. 980.02) sem vanfærða sölu. Þetta hefir hann ítrekað í skýrslu um bókhald sitt, sem hann lagði fyrir lögregluréttinn. Verður því að ganga út frá, að farizt hafi fyrir að bókfæra innkomna peninga fyrir seldar vörur, sem þeirri upphæð nemur að minnsta kosti.

## 6.

Eins og fram kemur af því, sem nú hefir verið rakið, verður ekki talið, að upplýzt hafi um orsök hinnar slæmu útkomu rekstrarins síðasta árið. Bresta sannanir fyrir því, að ákærði hafi með sviksamlegum hætti dregið fé úr verzluninni eða skotið því undan gjaldprotaskiptunum.

Hinsvegar verður að telja, að rannsókn málsins hafi leitt í ljós verulega ágalla á bókhaldi ákærða, þar sem það er viðurkennt af honum, að hann hafi látið fyrirfarast að bókfæra lántökur til rekstrarins og endurgreiðslu lána, auk þess sem telja verður samkvæmt framangreindu, að innkomnir peningar fyrir seldar vörur hafi heldur ekki verið bókfærðir allir. Jafnframt verður og að benda á áðurgreindar leiðréttingar endurskoðandans við bækurnar

og frásögn hans um færslu þeirra. Þá hefir ákærði og viðurkennt það, „að sér hafi á engan hátt verið ljós raunverulegur hagur verzlunarinnar eða hnignun sú, sem á henni var, fyrr en við áramótauppgjörið (1935—1936), enda varð slíkt ekki séð af bókhaldi hennar, þar sem það var ekki lagt saman eða gert upp mánaðarlega.“

Með þessu þykir ákærði hafa gerzt sekur við 264. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga frá 1869, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 20 daga. Með tilliti til ungs aldurs og undanfarandi hegðunar ákærða, þykir mega ákveða, að refsingin sé skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39 1907.

Þá ber og að dæma ákærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hrm., er þykja hæfilega ákveðin kr. 150.00.

Á málinu hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar sumpart af því, að ákærði fékk í byrjun rannsóknarinnar leyfi til utanfarar í erindum bæjarstjórnar Reykjavíkur, en sumpart af annriki dómarsins.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ólafur Kalstað Þorvarðsson, sæti einföldu fangelsi í 20 daga.

Refsingunni skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa að telja, ef skilorð laga nr. 39/1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Einars Baldvins Guðmundssonar hrm., kr. 150.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.